

# 2014

## ÁRSSKÝRSLA.



SORPSTÖÐ SUÐURLANDS bs.

10/22/2014

## Inngangur

Í þessari ársskýrslu Sorpstöðvar Suðurlands (SOS) fyrir starfsárið 2013 – 2014 er fjallað um störf stjórnarinnar og getið helstu verkefna á milli aðalfunda 24. október 2013 og 22. október 2013.

## Skipan stjórnar

Í stjórn á tímabilinu voru:

Aðalmenn: Gunnar Egilsson formaður, Guðfinna Þorvaldsdóttir, varaformaður Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir og Aðalsteinn Sveinsson.

Varamenn: Sveinn Steinarsson, Gunnsteinn Ómarsson, Eyþór Arnalds, Sandra Dís Hafþórsdóttir og Margrét Sigurðardóttir.

Skoðunarmenn: Guðmundur Þór Guðjónsson og Drífa Kristjánsdóttir.

Frá aðalfundi hefur stjórnin haldið 4 formlega fundi.

## Verkefni stjórnar

### Sameiningarviðræður við Sorpu bs.

Sveitarfélögin hafa mikilvægum skyldum að gegna á sviði úrgangsstjórnunar. Helst skal nefna að sveitarfélögunum ber að tryggja að farvegur sé fyrir það sorp sem til fellur innan sveitarfélagamarka á hverjum tíma. Með þetta að leiðarljósi var gengið frá samkomulagi við SORPU um móttöku á sorpi og flokkuðum efnum til endurvinnslu þegar urðunarstað Sorpstöðvar Suðurlands að Kirkjuferjuháleigu var lokað árið 2009. Til að tryggja að öll sveitarfélög gætu haft að gang að eyðingu blandaðs úrgangs var gerður viðauki við samkomulagið þar sem samningar nokkurra sveitarfélaga samræmdust ekki skilyrðum upphaflega samkomulagsins. Samningur SOS og SORPU rann út 31.12. 2013 en hefur verið framlengdur til eins árs. Ljóst er að tíminn styttist sem við höfum til að tryggja traustan farveg fyrir þann úrgang og endurvinnanleg efni sem falla til á þessu svæði. Mikilvægt er að aðildarsveitarfélögin fylgist vel með framvindu mála og komi strax fram með skoðanir sínar og óskir. SOS og SORPA hafa ekki gert drög að framhaldssamningi og óljóst er hvort af samruna byggðasamlaganna verður. Ekki liggur enn fyrir hver afstaða sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu er og á hvaða forsendum Sorpstöð Suðurlands yrði tekin inn í samlagið. Ljóst er þó að Sorpa hefur áhuga á að byggja upp úrgangsmeðhöndlunarstað á Nessandi í tengslum við slíka sameiningu. Þá liggur ekki heldur skýrt fyrir hver vilji aðildarsveitarfélaga Sorpstöðvarinnar er. Mikilvægt er að fá fram vilja aðildarsveitarfélaganna sem fyrst og síðan sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Ef ekki er vilji fyrir sameiningunni þarf sem fyrst að huga að öðrum lausnum. Nokkrir fundir hafa verið haldnir á árinu með Sorpu um málið.

### **Viðræður við Ölfus um úrgangsmeðhöndlun á Nessandi**

Stjórn SOS hefur einng haldið nokkra fundi með forráðamönnum Sveitarfélagsins Ölfuss um hugsanlegan úrgangsmeðhöndlunarstað á Nessandi. Slíkur staður þarf að geta tekið á móti 12 til 13 þúsund tonnum af úrgangi af Suðurlandi á ári. Ef Sorpa yrði aðili að samstarfi um síkan stað er ljóst að magnið yrði á bilinu 60 til 80 þúsund tonn á ári. Þó er rétt að geta þessað með aukinni flokkun og tilkomu gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu mun magn sem fer til urðunar minnka til mikilla muna enda er slíkt í fullu samræmi við landsáætlun um meðhöndlun úrgangs sem sveitarfélög hafa samþykkt. Engin niðurstaða liggur enn fyrir í viðræðum við Sveitarfélagið Ölfus vegna mögulegs úrgangsmeðhöndlunarstaðar í sveitarfélaginu.

### **Frágangur urðunarsvæðis og sala eigna**

Á þessu ári lauk öllum frágangi á urðunarsvæðinu við Kirkjuferjuháleigu. Aðstöðuhús var selt og flutt af staðnum og lögð var fram lokunaráætlun til Umhverfisstofnunar 31. maí sl. og urðunarstaðnum formlega lokað. Við tekur síðan vöktunartímabil hans.

Sorptroðari sem notaður var í Kirkjuferjuháleigu var seldur og einnig gámar og steypueiningar frá flokkunarstöð fyrirtækisins sem starfrækt var í Árborg til ársins 2011.

### **Orkugerðin ehf.**

Sorpstöð Suðurlands á 34,1% hlut í kjötmjölsverksmiðju Orkugerðarinnar á móti sláturleyfishöfum á Suðurlandi. Rekstur verksmiðjunar hefur verið í uppbyggingu og lagðir hafa verið töluverðir fjármunir í uppfærslu og endurnýjun á búnaði í verksmiðjunni. Fyrirtækið á við rekstrarerfiðleika að stríða og sýnt að auka þarf hlutafé í hlutafélaginu.

### **Lokaorð**

Úrgangsmeðhöndlun á Suðurlandi er á tímamótum. Urðunarstaðnum á Kirkjuferjuháleigu var lokað 1. desember 2009. Til þess að uppfylla þá skildu sveitarfélaganna að taka við óflokkuðu og flokkuðu sorpi var gengið frá samningi við SORPU um móttöku og meðferð sorps og endurvinnanlegra efna. Undirbúningur að sameiningu SOS og SORPU fer nú fram en þar sem ekki sér fyrir endann á þeirri vinnu þyrfti nú þegar að undirbúa framlengingu á núverandi samkomulagi um sorpurðun.

Helstu valkostir sveitarfélaganna varðandi framtíðarfyrirkomulag á förgun sorps er samruni við SORPU eða samningur. Viðræður liggja niðri í augnablikinu en nauðynlegt er að hefja þær að nýju og ná fram niðurstöðu sem fyrst.



